

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum

Fjörujóga í Reynisfjöru

verður dagana 23. til og með 25. júní nk.
morgun- og seinnipartstímar.

Nánari upplýsingar hjá Signýju Einarsd jógakennara.
Ssena04500@gmail.com • (00 354) 894 0383

Nánar auglýst í næsta Vita.

Hin árlega Jónsmessugleði

Búnaðarfélags Hvammshrepps og kvenfélagsins Ljósbrár
verður haldin á Eyrarlandi fimmtudaginn 22. júní.

Kveikt verður upp í grillinu kl. 19.00.

Hárgreiðslustofan í Vík

verður lokuð í júlí vegna sumarleyfis.

Bestu kveðjur. Þorbjörg s:847-1858

Hársnyrting.

Verð með alla almenna hársnyrtingu á Klausturhólum,
dagana 20. til 23. júní n.k
Munið að panta tímanlega, í sínum 4874636/8928453
eða á netfangi jss@smart.is

Með bestu, kveðju Jóna

24. TBL. 22. ÁRGANGUR FIMMTUDAGINN 15. JÚNÍ 2017



Grenjavinnsla í Skaftárhreppi - leiðrétting

Rangur nafnalisti var birtist í síðasta Vita vegna grenjavinnslu í Skaftárhreppi. Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem það kann að hafa valdið. Skaftárhreppur hefur samið um grenjavinnslu við eftirtalda aðila fyrir yfirstandandi grenjaveiðitímabil og miðast svæðaskipting við fyrrum hreppamörk gömlu hreppanna.

Hörgslandshreppur:	<u>Páll Símon Oddsteinsson</u>	<u>sími: 892-0992</u>
Kirkjubæjarhreppur:	<u>Pálmi Harðarson/Vigfús Helgason</u>	<u>sími: 897-0090/892-6544</u>
Leiðvallahreppur:	<u>Ragnar Smári Rúnarsson</u>	<u>sími: 865-7435</u>
Skaftártunguhreppur:	<u>Páll Símon Oddsteinsson</u>	<u>sími: 892-0992</u>
Skaftártunguhreppur:	<u>Oddsteinn Sæmundsson</u>	<u>sími: 4871375</u>
Álftavershreppur:	<u>Sæmundur Oddsteinsson</u>	<u>sími: 8601375</u>

Sem fyrr skal það ítrekað að samkvæmt 5. grein reglugerðar um refa og minkaveiðar nr. 437 frá 1995 með síðari breytingum, eru refaveiðar á grenjatíma þ.e. frá 1. maí til 31. júlí ár hvert einungis heimilar skotmönnum sem ráðnir eru til grenjavinnslu hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Eru bændur og aðrir landeigendur því vinsamlegast hvattir til þess að hafa samband við ráðna aðila á sínu svæði, telji þeir einhverjar líkur fyrir grenjum og/eða verði varir við hlaupadýr.

Sameiginlega getum við haldið refastofninum í skefjum.

Sveitarstjórn.

Lækurinn og fjólan

Lækur hægum líður straumi.
Lágt við bakkann unir smá fjóla sælum sólskinsdraumi,
svalar öldur líða hjá,
iðan bláa bunar tær,
bjartrar skugga endurslær,
tómri mynd, en meira biður munarsætur lækjarniður.

Lækurinn:

Sérðu ei báru silfurskærar
sólu móti hefjast allar?
En hvað mildu munarskini
mynd þín sjálfrar á þig kallar!

Heyrirðu ekki unaðsværan
óma niðinn bökkum undir,
döggu höfga sem þig svæfir
sólarvana um næturstundir?

Fjólan:

Sé ég kvíðinn strauminn stríða
og stynja heyri niðinn væra;
vermir á fögrum foldar barmi
fjólu hýra sólin skæra.

Austanblær á morgni mærum
mjúkur fyllir veðrahöllu,
blessar og faðmar blíðum kossi
blómin öll um græna völlu.

Lækurinn:

Hefurðu ei litið lauga iðu
lokka svarta, hálsinn bjarta,
brjóstin meyjar, limu ljósa
líka mjöll í straumnum skarta.

Fjólan:

Risin drós úr djúpi ljósu –
dropar líða af hári niður –
breiðir snjóvga blæju' á stráum,
blunda' eg skugga hennar viður.

Lækurinn:

Sofðu við mitt brjostið blíða,
björtu skal eg daggarflóði
sveipa þig og votri í vöggu
vagga þér, en kveða í hljóði.

Fjólan:

Halda rætur mér við moldu,
meinuð er ást á læki hreinum,
til mín komdu og faðmi feldu
fjólu sem er kær þér einum.

Upp á bakka lækur líður,
lykur örmum fjólu blá;
ástum magnast straumur stríður,
strax hin veika brotnar þá.
Klökknar lækur, liðna ber:
„Litla fjólan unni mér,
ástargjarn eg ástar beiddi,
æ, mitt faðmlag hana deyddi.“

Steingrímur Thorsteinsson



Landsmót UMFÍ 50+ Hveragerði

Nú stýttist heldur betur í Landsmót UMFÍ 50+
í Hveragerði, sem verður dagana 23.-25. júní.
Ertu tilbúin/n?

USVS hvetur til þátttöku og vonast til að fólk fjölmenni á þennan skemmtilega viðburð. Opnað var fyrir skráningu 1. júní.

Það er hægt að skrá sig á umfi.is.

Á mótinu í Hveragerði verður hægt að keppa í fjölda greina allt frá kúluvarpi til púttis, fuglagreiningar, strandblaki til pönnukökubaksturs og stígvélakasts. Þá er bridds eftir, golf, boccía og utanvegahlaupið. Þetta er bara brot af greinum

Stjórn USVS



Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ 2017

Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ verður haldið sunnudaginn 18. júní.

Ræst verður út frá íþróttamiðstöð kl.10:00.

Markmið Kvinnahlaupsins er að hvetja og styðja konur á öllum aldri til aukinnar heilsueflingar og er það haldið sem næst kvenréttindadeginum þar sem höfðað er til samstöðu kvenna.

Á síðasta ári komu um 12 þúsund hlauparar á öllum aldri saman á 91 hlaupastað innanlands og erlendis.

Þáttökugjald er 1.000 kr. fyrir 12 ára og yngri og 2.000 kr. fyrir 13 ára og eldri. Skráning á staðnum og frítt í sund að hlaupinu loknu.

Stjórn Kötlu

17. júní hátíðarhöld í Mýrdalshreppi

Ungmennafélagið Katla mun sjá um hátíðarhöld í Vík á þjóðhátíðardaginn.



Guðþjónusta verður kl. 13:00 og að henni lokinni verður skrúðganga niður á íþróttavöll þar sem ýmislegt skemmtilegt verður í boði.



Kaffisala verður í Leikskálum frá kl. 15.
Minnum einnig á sýningu reiðskóla Sindra í hesthúsinu undir Hrapi kl. 11 sama dag.

Gleðilegan þjóðhátíðardag!
Ungmennafélagið Katla

Víkurkirkja í Mýrdal



Guðþjónusta verður í Víkurkirkju í tengslum við hátíðahöldin 17. júní nk. kl. 13:00.

Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða söng undir stjórn Brians R. Haroldssonar organista.

Fjölmennum.

Sóknarprestur



Handverkssmiðjan í Skaftárhreppi og ungt handverksfólk

Þriðjudaginn 20. júní 2017 verða ungir heklarar að störfum í Handverkssmiðjunni í kjallara félagsheimilisins Kirkjuhvoli. Lilja Rós Sigurðardóttir og Naómí Alda Ingólfssdóttir ætla að mæta með heklunálarnar sínar í Handverkssmiðjuna og hekla frá kl. 16.00 - 18.00.

Endilega komið og kíkið á okkur og takið heklunálarnar með.
Heitt verður á könnunni.

Handverkssmiðjan er opin alla þriðjudaga frá kl. 14.00 til 18.00.

Hlökkum til að sjá þig.

Kær kveðja úr Handverkssmiðjunni í Skaftárhreppi.

Víkivakar

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða
- draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað
mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin
- mundu að það er stutt hver stundin
stopult jarðneskt yndið þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað
mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma
- segðu engum manni hitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað
mitt!

A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað
mitt!

Jóhannes úr Kötlum



Hestaping Sindra 2017

Föstudaginn 23. og laugardaginn 24. júní

Föstudagskvöld: Kappreiðar

Kept í 100m, 150m og 250m skeiði, 300m brokki og 300m stökki.

Laugardagur: Gæðingakeppni og tölt

Keppnisgreinar: pollaflokkur, börn, unglínga, ungmenna, B- og A- flokkur gæðinga og T7.

Skráningargjöld í T7, A, B og ungmennaflokk kr.2500,- og barna og unglíngaflokk 500,- pollaflokkur frítt.

Laugardagur 24. júní - Stjörnuþlikks-tölt T1 í boði Stjörnuþlikks opið öllum, skráningargjöld 3500,-

1. Verðlaun 100.000 kr.

Skráningu lýkur miðvikudaginn 21. júní kl 23:59. Skráning í tölt, gæðingakeppni, ungmenna, unglínga og barnaflokk fer fram inni á mótafeng en skráning í kappreiðar og pollaflokk á netfangið

hestamannafelagidsindri@gmail.com.

Nánari upplýsingar á netfangið hestamannafelagidsindri@gmail.com
eða í síma [8939438](tel:8939438)

Dagskrá og ráslistar verða birt þegar nær dregur móti.

Mótanefnd Sindra